



Ársskýrsla 2009

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Efnisyfirlit

Aðfararorð ríkisskattstjóra	3
Hlutverk ríkisskattstjóra	4
Starfsemin á árinu 2008	7
Próunarmál, starfshópar og ýmsar breytingar	7
Lagatúlkun og samræming	10
Stjórnsýsluákvæðanir og afgreiðsla skatterinda	12
Álagning opinberra gjalda	14
Rafræn þjónusta	18
Skatteftirlit	21
Óbeinir skattar og staðgreiðsla	24
Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá	30
Ýmis fræðsla og upplýsingagjöf	32
Þjónustuver	33
Tíund	35
Skjalastjórnun og afgreiðsla	36
Öryggismál	37
Mannauður ríkisskattstjóra	38
Rekstur tölvukerfa	40
Alþjóðleg samvinna	42
Ársreikningur 2008	43

*Umsjón: Inga Hanna Guðmundsdóttir
Hönnun og umbrot: Logi Halldórsson*

RSK 13.03 0908

Áhersluatriði ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri hefur einfaldað stefnumið embættisins frá því sem áður var. Jafnframt hafa áherslur embættisins verið endurmetnar og sérstaklega hugað að hinum faglega þætti starfsins með það fyrir augum að hann sé styrktur með breyttu verklagi og nýju skipulagi.

Helstu einkenni skipulags RSK eru að starfsemi embættisins er skipt í fjögur megin svið; skattasvið, stjórnsýslusvið, tækni- og skipulagssvið og fyrirtækjaskrá. Jafnframt er rekstur stoðdeilda skilgreindur en þær ganga þvert á megin sviðin. Þar er um að ræða rekstrarskrifstofu, starfsmannamál, öryggismál, fræðslumál og ritstjórn Tíundar. Meðferð ársreikninga og eftirlit með þeim er auðkennt sérstaklega.

Megináherslur ríkisskattstjóra eru:

- **samræmi í skattframkvæmd**
- **góð þjónusta**
- **skilvirk afgreiðsla stjórnsýsluerinda**
- **skilvirkt skatteftirlit**
- **öruggt skráahald**
- **öruggur rekstur tölvukerfa**
- **hagkvæmni í rekstri**
- **að fjárlög séu virt**

Meginmarkmið ríkisskattstjóra er að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Það er einnig eitt af meginmarkmiðum ríkisskattstjóra að þeir sem leiti til embættisins með ósk um þjónustu, svo sem að skrá fyrirtæki, fái þjónustuna á öruggan og góðan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði. Öll áhersluatriði ríkisskattstjóra eru leiðarljós á þeirri vegferð og sett fram með það fyrir augum að auðveldara sé að ná meginmarkmiðum embættisins.

Aðfararorð ríkisskattstjóra

Árið 2009, fyrsta heila árið eftir hrun fjármálakerfisins í október árið áður, varð annasamt ár hjá starfsmönnum ríkisskattstjóra. Stór hluti starfa á vegum stjórnsýslunnar voru á því ári unnin í skugga undangenginna atburða. Ríkisskattstjóraembættið var engin undantekning frá því.

Á árinu vörðu margir af starfsmönnum ríkisskattstjóra drjúgum tíma í að liðsinna ráðuneyti og Alþingi við undirbúning nýrrar löggjafar. Þau störf urðu á liðnu ári þó nokkru umfangsmeiri en áður hefur þekkt. Hækkun á sköttum var nauðsynleg að mati löggjafarvalds og verulegur tími fór í að ganga þannig frá málum að tæknileg framkvæmd breytinganna væri með þeim hætti að framkvæmdin gæti orðið hnökralaus. Breytingar á sköttum taka að jafnaði nokkurn tíma en á árinu 2009 var tíminn af skornum skammti en þurfti þó að fylgja hefðbundnu leiðbeininga- og kynningarstarfi. Allt tókst þetta þó þannig að unnt var að koma í framkvæmd áformum stjórnvalda um breytingar á skattheimtunni.

Skattyfirvöld starfa í aðalatriðum eftir skipulagi sem var komið á fót árið 1962. Oft hafa komið fram tillögur um breytingar en sitt hefur hverjum sýnst og ekkert orðið úr slíku. Þegar komið var fram á haustmánuði síðasta árs kynnti fjármálaráðuneytið vilja sinn til að gjörbreyta skipulagi skattamála og fella störf sjálfstæðra skattstjóra undir ríkisskattstjóra. Á stuttum tíma var samið framvarp og undirbúin breyting sem varð að lögum í síðari hluta desember með gildistöku frá 1. janúar 2010. Með þeim lögum voru 10 stofnanir gerðar að einni. Drjúgur tími fór í að skipuleggja breytinguna og undirbúa nýja verkferla til að taka við af eldra kerfi. Nýtt skipulag skattastjórnsýslunnar býður upp á ýmis tækifæri. Endurskipulagning allra verka og sameining fjölmargra þátta mun skila lægri tilkostnaði en jafnframt því sem meira máli skiptir og það er betri og skilvirkari skattframkvæmd. Strax var stefnt að meiri sérhæfingu einstakra eininga og að sameina verkþætti.

Sameining skattstjóra og ríkisskattstjóra, og hagræðingaraðgerðir vegna þess, munu skapa margs konar tækifæri til betri og skilvirkari skattframkvæmdar. Sameining skatteftirlits í eina einingu mun þannig efla skatteftirlit og um leið tryggja aukin varnaðaráhrif, einkum þegar fram í sækir. Hið sama má segja um fjölmarga aðra verkþætti skattframkvæmdarinnar.

Sameining stofnana er þó fyrst og síðast mannauðsmál og er þá ekki gert lítið úr skipulags- eða lagamálum. Starfsmenn ganga til nýrra starfa með nýjum áherslum og breytingum í starfs- umhverfi. Það mun ugglaut reynast einhverjum erfitt. Til að tryggja að breytingarnar heppnist er því mikilvægt að hlúa vel að starfsfólkinu sem tekst á við þær. Góð upplýsingamiðlun og samráð eru þar lykilþættir sem aldrei eru ofmetnir.

Árið 2010 mun verða annasamt að þessu leyti en mikið er í húfi að allir starfsmenn ríkisskattstjóra, sem á einni nóttu nær þrefölduðust að fjölda, leggist á eitt um að breyta skattframkvæmdinni þannig að hún verði árangursrík og hagkvæm en um leið verði haldið uppi mikilvægum þáttum þjónustu, skilvirkni og öryggi.

Skúli Eggert Þórðarson

Hlutverk ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, öll með áorðnum breytingum, ásamt reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða starfsemi ríkisskattstjóra.

Meginverkefni embættisins eru sem hér segir:

Lagatúlkun og samræming

Verkefni ríkisskattstjóra á þessum vettvangi eru helst þessi:

- Túlkun réttarheimilda á sviði skattaréttar og setning framkvæmda- og starfsreglna.
- Hafa eftirlit með störfum skattstjóra og tryggja að samræmi sé í ákvörðunum þeirra.
- Koma fram fyrir hönd ríkissjóðs og annarra gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd og veita umsagnir í dómsmálum sem snúast um skattlagningu.
- Gefa bindandi álit í skattamálum um túlkun skattalaga og svara fyrirspurnum um álitaefni í skattamálum.
- Sjá um að gildandi reglur og réttarheimildir í skattarétti á hverjum tíma séu öllum aðgengilegar.
- Annast beiðnir um endurupptöku skattamála og sjá um endurákvörðun skatta í málum sem beint er til embættisins.
- Koma fram fyrir hönd íslenskra skattyfirvalda sem bært stjórnvald um framkvæmd tvísköttunarsamninga gagnvart öðrum samningsaðilum og annast samskipti við erlend stjórnvöld hvað skattastjórnsýslu varðar.

Skattframkvæmd og þjónusta

Ríkisskattstjóri hefur með höndum umsjón flestra þátta skattframkvæmdar. Hér undir fellur yfirstjórn staðgreiðslu og tryggingagjalds, undirbúningur og umsjón með vélvinnslu álagningar opinberra gjalda, þjónusta við gjaldendur, einstaklinga og fyrirtæki og þá sem atvinnu hafa af framtalsgerð. Ríkisskattstjóri annast samningu verklagsreglna og fyrirmæla við skattframkvæmd og gerir tillögur til fjármálaráðuneytis um skattmat og reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi aðila. Ríkisskattstjóri annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir öll skattyfirvöld svo sem rekstur og viðhald tölvukerfa, viðhald vélbúnaðar, sameiginlegt skrifstofukerfi, prentun og dreifingu eyðublaða til gjaldenda og annarra. Ríkisskattstjóri leggur á úrvinnslugjald vegna ökutækja, spilliefna og umbúða, olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald og áfengisgjald, og hefur með höndum eftirlit með starfsemi áfengisframleiðenda.

Skatteftirlit

Ríkisskattstjóri annast yfirstjórn skatteftirlits. Hann hefur frumkvæði að þróun eftirlitsaðferða, greiningu á eftirlitsþörf og mótun eftirlitsstefnu skattyfirvalda á hverjum tíma í samstarfi við skattstjóra. Ríkisskattstjóri sér um öflun eftirlitsupplýsinga, úrvinnslu og miðlun til skattstjóra ásamt því að fylgjast með framkvæmd og árangri af skatteftirliti. Árlega er gerð skýrsla um framkvæmd skatteftirlits til fjármálaráðuneytis. Ríkisskattstjóri annast móttöku og miðlun eftirlitsupplýsinga milli landa og fer með skatteftirlit í einstökum málum að eigin vali eða að óskum skattstjóra. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að endurákvæða skatta þegar eftirlitsaðgerðir hans gefa tilefni til þess.



Fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá o.fl.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá, þ. á m. hlutafélagaskrá, annast skráningu á atvinnu- starfsemi og ýmis konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skrá. Ríkisskatt- stjóri sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fræðsla og upplýsingamiðlun

Ríkisskattstjóri hefur með höndum kennslu um skatta og skattframkvæmd fyrir starfsmenn skattýfirvalda og almenna fræðslu og leiðbeiningar um skattamál fyrir almenning. Safnað er saman upplýsingum um starfsemi skattýfirvalda og álagningu skatta og gjalda og eru þær hafðar aðgengilegar fyrir stjórnvöld og aðra sem eftir þeim leita.



Starfsemin á árinu 2009

Þróunarmál, starfshópar og ýmsar breytingar

Endurskoðun á símamálum

Ríkisskattstjóri skipaði starfshóp á árinu til að koma með tillögur um hvernig standa ætti að sameiginlegri símsvörun hjá ríkisskattstjóra og úti á skattstofum. Starfshópurinn fór yfir reynslu undanfarinna ára, kannaði hver kostnaðurinn væri við að taka upp sameiginlega símsvörun og þjónustumiðstöð, hvaða valkostir kæmu til greina og hvaða leið þætti heppilegust. Starfshópurinn skilaði skýrslu í lok september þar sem kröfur og áherslur voru skilgreindar. Starfsmenn hópsins kynntu sér búnað og leiðir sem koma til greina og í framhaldi fór fram útboð hjá Ríkiskaupum um kaup á nýju símkerfi fyrir embættið.

Upplýsingamiðlari og eftirlitskerfi vegna sérstakrar útborgunar séreignasparnaðar

Með lögum nr. 13/2009 var ríkisskattstjóra falið það verkefni að hafa eftirlit með sérstökum útborgunum úr séreignalífeyrissjóðum. Ríkisskattstjóri fékk afar skamman tíma til undirbúnings en kerfið var tekið í notkun 30. mars 2009 eftir 25 daga vinnu við hönnun og smíði. Kerfið er vefþjónusta sem vinnur á þann hátt að lífeyrissjóðir senda inn upplýsingar um hverja umsókn og fá samstundis til baka greiðslurunu sé umsóknin samþykkt. Jafnframt setti ríkisskattstjóri upp vefviðmót fyrir þá lífeyrissjóði sem ekki gátu nýtt sér vefþjónustuna beint úr sínum tölvukerfum. Nokkrar breytingar voru gerðar á kerfinu til að koma til móts við þarfir lífeyrissjóða og einnig vegna lagabreytinga.

Uppbót á eftirlaun

Með lögum nr. 84/2008 um uppbót á eftirlaun, var ríkisskattstjóra falið það verkefni að ákvarða uppbót á eftirlaun sem átti að tryggja þeim sem áttu engin eða takmörkuð réttindi til lífeyris að lágmarki 25.000 kr. lífeyrisgreiðslur á mánuði. Löggin voru samþykkt í júní 2008 og snör handtök þurfti til að tryggja vandaða ákvörðun uppbótarinnar sem framkvæmd var u.þ.b. mánuði síðar.

Á árinu 2009 var uppbót á eftirlaun felld úr lögum og nokkur vinna fór í að fjarlægja virkni vegna þessa gjalds úr kerfum skattfirvalda.

Samskipti við verktaka

Á árinu var tekið upp nýtt verklag við stýringu verkefna hjá aðalverktaka ríkisskattstjóra, Skýrr hf., svokölluð Agile/Scrum aðferðafræði. Hefur það fyrirkomulag gefist vel að því leyti að ut-anumhald verkefna er betra og markvissara sem og þátttaka ríkisskattstjóra í þróun og smíði eigin tölvukerfa.

Undirbúningur fyrir meiri áritun

Frá og með áramótum 2009/2010 þurfa fjármálafyrirtæki að skila skattfyrvöldum enn ítarlægri upplýsingum til áritunar á skattframtöl. Umtalsverð vinna fór í samskipti við þessa aðila á haustmánuðum til undirbúnings skila í febrúar 2010.

Takmörkuð skattskylda

Á haustmánuðum var smíðað nýtt tölvukerfi til utanumhalds undanþága frá greiðslu staðgreiðslu fyrir þá aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Við smíði kerfisins átti ríkisskattstjóri í miklum samskiptum við fjármálastofnanir. Þessi vinna tók umtalsverðan tíma en kerfið var gangsett um miðjan október. Síðan kerfið var opnað hefur það verið þróað og endurbætt nokkuð. Enn er eftir að gangsetja skilakerfi vegna þessara skila.



Lagatúlkun og samræming

Lagafrumvörp, reglugerðir, umsagnir

Ríkisskattstjóri aðstoðar ráðuneytin, aðallega fjármálaráðuneytið, við undirbúning og samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Þá veitir ríkisskattstjóri umsagnir um lagafrumvörp sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Á árinu 2009 voru veittar 54 umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Þá leggur ríkisskattstjóri ríkislögmanni lið þegar höfðað er mál á hendur ríkinu vegna mála sem tengjast verksviði embættisins. Veittar voru sex umsagnir vegna dómsmála á árinu.

Bindandi álit í skattamálum

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem löggin kveða á um, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Hjá ríkisskattstjóra starfar sérstakur starfshópur sem fjallar um þær álitshæðir sem berast samkvæmt framangreindum lögum. Í starfshópnum sitja vara-ríkisskattstjóri, tilteknir forstöðumenn og deildarstjórar. Í byrjun árs 2009 voru tvær hæðir um bindandi álit óafgreiddar frá árinu 2008. Alls bárust átta álitshæðir á árinu 2009. Fallist var á að gefa út bindandi álit vegna þriggja hæðna á árinu 2009. Þremur hæðnum var vísað frá og voru fjórar óafgreiddar í árslok 2009.

Umsagnir í kærumálum fyrir yfirséttanefnd

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, um yfirséttanefnd, ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart yfirséttanefnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna frá skattstjórum. Í upphafi árs lágu 25 slík mál fyrir óafgreidd. Á árinu 2009 bárust 360 kærur frá yfirséttanefnd og voru 302 kröfugerðir afgangar. Í árslok 2009 voru 83 kröfugerðir óafgreiddar.

Lögfræðilegar álitshæðir og upplýsingagjöf

Ríkur þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra er að túlka réttarreglur og miðla upplýsingum. Skattadilar, þeir sem starfa í þeirra þágu sem og opinberir aðilar leita í ríkinu mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum ríkisskattstjóra á réttarreglunum. Sú regla hefur verið höfð að munnlegum fyrirspurnum er jafnan svarað munnlega og skriflegum skriflega. Þá ritar ríkisskattstjóri skattstjórum landsins bréf sem hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni er til. Túlkunarir sem ekki hafa verið settar fram fyrr eru birtar á vefnum sem ákvarðandi bréf og eru þar með öllum aðgengilegar.

Fyrirspurnir sem berast ríkisskattstjóra eru flokkaðar á eftirfarandi hátt: undanþágur frá afdrætti fjármagnstekjuskatts, upplýsingar um barnabætur, umsóknir um fríkort og annað. Óafgreiddar fyrirspurnir skv. framangreindu voru 108 í ársbyrjun 2009. Samtals bárust 665 fyrirspurnir á árinu 2009 og í árslok voru 66 óafgreiddar. Samtals voru því 707 afgangar.

Á árinu 2009 voru gefin út sex ákvarðandi bréf og 21 almennt. Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómur og úrskurðir yfirséttanefndar og voru rituð 15 formleg skattstjórabréf á árinu 2009.



Gerð handbóka og verklagsreglna

Tekjuskattsdeild er í meginatriðum ætlað að koma að þeim verkefnum sem snerta álagningu opinberra gjalda, þ.m.t. samskipti og þjónustu við skattstjóra í því sambandi. Mikil áhersla er á gerð verklagsreglna og leiðbeininga varðandi tekjuskatt. Unnið var að tillögugerð varðandi skattmat og viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald tekjuárið 2010, auk annarra tilfallandi verkefna af þessum toga. Þá kom tekjuskattsdeild, í samráði við staðgreiðsludeild, að gerð bindandi álita og svörum við fyrirspurnum sem bárust að því er varðar málefni tengd tekjuskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, auk aðkomu að verkefnum fyrir fjármálaráðuneytið.

Í september 2009 voru gerðar breytingar á skipulagi embættisins og í kjölfarið varð starfsmaður tekjuskattsdeildar forstöðumaður stjórnarsýslu- og skattasviðs. Af þeim sökum, svo og vegna annarra verkefna, gengu áætlanir um gerð verklagsreglna og leiðbeininga ekki að öllu leyti eftir.

Skattalagabreytingar

Mikil samskipti voru við hugbúnaðarhús á árinu í tengslum við breytingar á skattalögum og leiðbeiningar um útfærslur á þeim. Meðal breytinga var fjölgun tímabila í skilum staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts en frá og með miðju ári eru skil ársfjórðungslega. Þessar breytingar kölluðu á mjög auknar útsendingar á skilagreinum til skilaskyldra aðila. Jafnframt var tölvu-kerfum breytt vegna breyttrar móttöku. Aukinn kostnaður vegna þessara breytinga varð til þess að hafist var handa við undirbúning rafrænna skila staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts.

Stjórnsýsluákvörðanir og afgreiðsla skatterinda

Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að hlutast til um endurákvörðanir í þeim málum sem niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til. Í ársbyrjun voru 24 mál óafgreidd. Móttækin mál á árinu 2009 voru 43 og var tekin ákvörðun um að endurákvörða ekki í sex þeirra. Í árslok 2009 var sex málum ólokið. Lauk því 55 málum með endurákvörðun en þá eru ótalin tengd mál t.d. hjá maka og/eða fyrirsvarsmanni þess skattaðila sem til rannsóknar var.

Skatterindi

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að breyta ákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema skattaðili óski þess og færi fram gildar forsendur fyrir umbeðnum breytingum. Hvað varðar breytingar á virðisaukaskattsskilym fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs fól ríkisskattstjóri skattstjórum að taka afstöðu til erinda skattaðila. Að sama skapi er verulegur hluti erinda er varða opinber gjöld ósk um að innsent framtal verði lagt til grundvallar álagningu í stað áætlunar. Ríkisskattstjóri fól skattstjórum að taka afstöðu til þeirra erinda. Framsend erindi til skattstjóra voru 5.556 á árinu 2009, þ.m.t. skattframtöl lögaðila sem bárust rafrænt en þau framtöl voru ekki meðtalin í mála fjölda fyrra árs. Framsend erindi til skattstjóra voru tilgreind 625 á árinu 2008 og sambærileg tala við þá talningu er 370 erindi á árinu 2009. Önnur innsend erindi á árinu 2009 voru 1.015 og voru 446 óafgreidd erindi í ársbyrjun. Afgreidd mál á árinu 2009 voru 1.290 og 171 erindi var óafgreitt í árslok.

Ívilnanir

Úrskurðir skattstjóra um lækkun skattstofna á grundvelli 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekju-skatt, sæta kæru til ríkisskattstjóra. Á árinu 2009 bárust 54 beiðnir um ívilnanir. Frá fyrra ári voru 13 ívilnunarbeiðnir óafgreiddar. Á árinu voru afgreiddar 50 ívilnunarbeiðnir og voru því 17 beiðnir óafgreiddar í árslok.

Kaupréttaráætlanir

Á árinu 2009 barst engin kaupréttaráætlun til staðfestingar. Frá fyrra ári var ein kaupréttaráætlun óafgreidd og var hún afgreidd á árinu. Engin kaupréttaráætlun var því óafgreidd í árslok.

Stjórnsýslukæur

Á árinu 2009 bárust 16 stjórnsýslukæur. Frá fyrra ári voru þrjár kæur óafgreiddar. Á árinu voru afgreiddar 17 kæur og voru því tvær óafgreiddar í árslok.

Alþjóðamál

Á árinu 2009 varð mjög mikil fjölgun í úrskurðum varðandi skattalega heimilisfesti og var kveðinn upp 731 úrskurður en til samanburðar voru kveðnir upp 86 slíkir árið 2008. Í upphafi árs voru sjö erindi er vörðuðu skattalega heimilisfesti óafgreidd og 211 í árslok. Fækkun varð í útgáfu ýmissa vottorða en í ársbyrjun 2009 voru 110 óafgreiddar vottorðabeiðnir og 38 í árslok. Gefin voru út 2017 vottorð á árinu 2009 til nota hjá erlendum skattyfirvöldum um skattskyldu hér á landi, skattskyldar tekjur og eignir hér á landi, skattlagningu og barnabætur á Íslandi. Formlegar afgreiddar fyrirspurnir voru 227 árið 2009. Þá voru níu umsóknir um undanþágur skv. RSK 5.42 óafgreiddar í ársbyrjun 2009, 258 slíkar umsóknir bárust á árinu og 20 voru óafgreiddar í árslok. Hinn 1. september 2009 urðu vaxtatekjur erlendra aðila skattskyldar hér á landi og samfara því hafa verkefni alþjóðadeildar aukist. Viðbótin felst í útgáfu undanþága, úrvinnslu endurgreiðslubeiðna, aðstoð og samvinnu við innheimtumenn, samstarfi vegna aðlögunar, þróun og samhæfingu kerfa hjá ríkisskattstjóra og Fjársýslu ríkisins sem og almennri upplýsingagjöf vegna breytinganna.

Endurgreidd staðgreiðsla vegna náms

Á árinu 2009 barst 371 beiðni um endurgreiðslu á staðgreiðslu vegna náms. Frá fyrra ári voru 33 beiðnir óafgreiddar. Á árinu voru afgreiddar 385 beiðnir og voru því 19 óafgreiddar í árslok.



Álagning opinberra gjalda

Hlutverk ríkisskattstjóra við álagningu tekjuskatts, tryggingagjalds, fjármagnstekjuskatts og takmarkaðrar skattskyldu tekjuskatts er m.a. undirbúningur álagningar, ákvörðun skilafresta, gerð auglýsinga, áritun álagningarupplýsinga og gerð og dreifing eyðublaða og leiðbeininga. Jafnframt útbýr ríkisskattstjóri vefframtalsforrit og kröfulýsingu vegna skila skattframtala á rafrænu formi sem og sérstakt skoðunar- og vinnsluforrit vegna yfirferðar og vinnslu framtalanna á skattstofunum.

Við vélvinnslu álagningar annast ríkisskattstjóri vélræna yfirferð u.þ.b. 60% allra skattframtala sem ekki sæta síðan frekari athugun. Þá er jafnframt farið yfir þau 40% framtala sem eftir standa með vélrænum hætti og gerðar ábendingar til skattstjóra um frekari athugun á framtölunum áður en þau teljast tæk til álagningar. Með vélrænni yfirferð allra skattframtala er með samræmdum hætti farið yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur síðan með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningum til gjaldenda um niðurstöður álagningar.

Framtalsfrestir o.fl.

Einstaklingum bar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 23. mars. Framteljendur gátu þó sótt um aukinn skilafrest og var framlengdur frestur á bilinu 30. mars til 1. apríl en slembival réð lengd skilafrests. Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí. Endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri framtalsfresti sem miðuðust við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti. Lokafrestur var til 15. maí vegna launamanna, 31. maí vegna einstaklinga í rekstri og 10. september vegna lögaðila. Aukinn skilafrestur miðaðist við rafræn skil á framtölum.

Útsending framtala og leiðbeininga

Að þessu sinni var ekki útbúinn upplýsingabæklingur til dreifingar í öll hús. Látið var nægja að birta auglýsingar í dagblöðum þar sem gerð var grein fyrir helstu atriðum framtalsskila svo sem framtalsfrestum, hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar, upplýsingar um veflykla o.fl. Sama fyrirkomulag var við dreifingu pappírframtala og árið áður. Aðeins þeir sem höfðu skilað framtali á pappír árið áður fengu nú sent framtal á pappír. Jafnframt var dreifing veflyklabréfa þannig að þeir sem höfðu látið endurskoðanda eða bóka skila framtali fyrir sig árið áður fengu ekki sendan heim veflykil í veflyklabréfi.

Sameiginleg símaþjónusta

Eins og síðustu ár var veitt símaþjónusta í sameiginlegu símanúmeri skattstjóra og ríkisskattstjóra sem gjaldendur gátu hringt í meðan á framtalsgerð einstaklinga stóð. Þá var vefurinn www.skattur.is auglýstur sérstaklega svo og framtalsfrestir og helstu atriði sem hafa þarf í huga við framtalsskil. Við álagningu 2009 voru einstaklingar fyrr á ferðinni með framtalsskil sín og hefur sameiginleg símaþjónusta, aukin áritun upplýsinga á framtal, skýrari framsetning upplýsinga og breytt form á leiðbeiningum undanfarin ár án efa haft þar mikið að segja.

Opinber gjöld einstaklinga 2006 til 2009

Álagningarár	Álögð gjöld			Breyting 08-09		Fjöldi gjaldenda			Breyting 08-'09	
	2007	2008	2009	Milljónir	%	2007	2008	2009	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	81.889	86.372	92.776	6.403	7,4%	175.399	178.270	179.521	1.251	0,7%
Sérstakur tekjuskattur	-	-	-	-	*	-	-	-	-	*
Fjármagnstekjuskattur	16.334	25.255	19.741	-5.514	-21,8%	93.078	98.738	184.626	85.888	87,0%
Tekjuskattar til ríkissjóðs	98.222	111.627	112.516	890	0,8%	*	*	*	*	*
Útsvar	87.308	101.944	108.745	6.801	6,7%	244.883	255.777	257.020	1.243	0,5%
Tekjuskattar alls	185.530	213.571	221.262	7.691	3,6%	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	*
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	*
Eignarskattar alls	-	-	-	-	-	*	*	*	*	*
Gjald í framkv.sjóð aldraðra	1.144	1.318	1.429	111.181	8,4%	181.259	185.532	189.698	4.166	2,2%
Útvarpsgjald	-	-	3.222	-	-	-	-	187.340	187.340	*
Önnur gjöld*	264	270	330	60	22,4%	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.557	1.501	1.453	-47.707	-3,2%	19.945	19.418	19.266	-152	-0,8%
Gjöld á einstaklinga alls	188.496	216.659	227.696	7.814	5,1%	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	12.728	15.457	19.632	4.175	27,0%	*	*	*	*	*
Gjöld – bætur alls	175.767	201.202	208.064	6.861	3,4%	*	*	*	*	*
Bætur: **										
Barnabætur	7.438	8.383	9.616	1.233	14,7%	63.691	66.542	69.129	2.587	3,9%
Vaxtabætur	5.290	6.653	10.016	3.364	50,6%	49.687	58.259	64.900	6.641	11,4%
Uppbót á eftirlaun	-	421	-	-421	-	-	-	-	-	-
Bætur alls	12.728	15.457	19.632	4.175	27,0%	*	*	*	*	*
Skattaúvilnanir:										
Sjómannaafláttur, dagar, þús.	1.412	1.343	1.278	-65	-4,8%	*	*	*	*	*
Sjómannaafláttur	1.102	1.109	1.105	-5	-0,4%	6.255	5.997	5.736	-261	-4,4%
Frádráttur v. fjárfest. í hlutabr.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Fjöldi á grunnskrá						253.911	264.766	267.494	2.728	1,0%

* Önnur gjöld eru slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

** Við álagningu opinberra gjalda 2002 voru framteljendum sem ekki skiluðu framtali ekki áætlaðar barnabætur og hefur sá háttur verið hafður á síðan.

Allar tölur í milljónum króna

Opinber gjöld lögaðila 2003 til 2009

Álagningarár	Álögð gjöld							Breytingar	
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2008-2009	
Tekjuskattur	13.844	13.622	23.770	34.671	42.717	39.201	35.375	-3.826	-9,8%
Fjármagnstekjuskattur	1.173	1.201	298	6.235	342	1.574	1.419	-155	-9,9%
Eignarskattur	1.247	1.362	1.533	-	-	-	-	-	-
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Búnaðargjald	187	111	127	171	107	104	136	32	30,8%
Jöfnunargjald alþjónustu	29	27	31	31	24	39	260	220	560,2%
Iðnaðarmálagjald	231	255	277	310	380	459	479	20	4,4%
Útvarpsgjald	-	-	-	-	-	-	544	*	*
Tryggingagjald*	22.096	26.318	27.598	32.486	37.250	40.080	45.212	5.133	12,8%
Alls	38.806	42.895	53.633	73.903	80.819	81.457	83.424	1.967	2,4%

Álagningarár	Fjöldi gjaldenda							Breytingar	
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2008-2009	
	10.190	11.393	13.206	14.693	15.121	16.184	15.897	-287	-1,8%
	83	75	82	89	172	191	234	43	22,5%
	8.487	9.065	9.922	-	-	-	-	-	-
	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	293	312	320	371	409	446	489	43	9,6%
	20	19	39	41	35	41	38	-3	-7,3%
	4.772	5.204	5.497	5.691	6.101	6.315	6.264	-51	-0,8%
	-	-	-	-	-	-	31.629	*	*
	12.879	13.959	14.459	15.471	16.002	16.781	16.948	167	1,0%
Fjöldi gjaldenda	18.776	20.462	22.166	22.314	22.782	24.409	34.165	9.756	40,0%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

Allar tölur í milljónum króna

Áritun á framtöl einstaklinga - nýjungar

Við áritun upplýsinga inn á rafræn framtöl voru nú áritaðar beint inn upplýsingar um banka-innstæður framteljenda og barna frá bankastofnunum. Einnig voru áritaðar upplýsingar um stöðu sparnaðarlíftryggingar frá Sjóvá í kafla 3.3 á framtalinu. Upplýsingar um staðsetningu og kaupár íbúðarhúsnæðis voru nú almennt áritaðar í kafla 5.2 á framtalinu.

Fjármagnstekjuskattur

Um miðjan janúar var öllum lögaðilum sendur gíróseðill og sömuleiðis einstaklingum í rekstri sem taldir eru skyldir til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vöxtum og arði, samtals 29.544 gíróseðlar.

Með lögum nr. 70/2009 var gjalddögum fjölgað og framvegis skal skila fjármagnstekjuskatti ársfjórðungslega í stað einu sinni á ári. Í júlí var sendur gíróseðill til allra gjalddskyldra aðila vegna tímabilsins janúar – júní, samtals 31.921 gíróseðill.

Í október var sendur gíróseðill til þeirra sem skráðir eru með atvinnugrein sem fellur undir fjármálastarfsemi vegna tímabilsins júlí – september, samtals 1.710 gíróseðlar.



Rafræn þjónusta

Rafræn skil framtala

Rafræn skil framtala aukast frá ári til árs að fjölda. Síðustu ár hefur þó hægt verulega á hlutfallslegri aukningu miðað við heildarfjölda á skattgrunnskrá. Áhersla hefur því verið lögð á að veita þeim mikla meirihluta landsmanna sem skilar skattframtölum rafrænt aukna þjónustu á þeim vettvangi. Þó var þeim ekki gleymt sem ekki gátu nýtt sér rafræna þjónustu og þess var gætt að þjónustan við þá væri góð.

Rafræn skil einstaklinga frá upphafi rafrænna skila

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Vefframtalið	175.579	169.722	161.370	146.886	138.616	128.856	113.489	98.137	75.939	39.823
Framtalsforrit	66.357	70.065	71.154	70.304	69.399	69.513	68.034	62.717	56.581	33.167
R-skil alls	241.936	239.787	232.524	217.190	208.015	198.369	181.523	160.854	132.520	72.990
Skil alls	262.863	258.304	253.981	241.444	234.501	229.800	226.484	224.916	221.538	217.348
Hlutfall R-skila	92%	93%	92%	90%	89%	86%	80%	72%	60%	34%

Kröfulýsing vegna rafrænna skila fyrir hugbúnaðarhús var að vanda útbúin í ársbyrjun og setur hún traustan ramma utan um rafræn skil framtala. Frá og með árinu 2005 hafa samskipti við atvinnuframteljendur sem nota framtalsforrit fremur en vefinn verið á XML formi. Lögð er mikil áhersla á að þjóna þessum hópi vel og að hann hafi aðgang með vefþjónustum að allri þjónustu sem býðst framteljendum á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Auk þess er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.

Vefframtal einstaklinga 2009 var opnað 1. mars.

Um það bil 96% af framtölum lögaðila var skilað rafrænt sem er sama hlutfall og á fyrra ári. Þar af var 76% skilað með framtalsforriti frá DK-hugbúnaði en um 24% á vef RSK. Heldur fleiri lögaðilaframtölum var skilað á vef RSK nú en á fyrra ári. Skiptinguna má sjá á meðfylgjandi töflu.

	Vefframtal RSK	DK-forrit	Rafrænt alls	Pappír	Heild
Skattskyldir lögaðilar	5.708	20.417	26.125	352	26.477
Óskattskyldir lögaðilar	651	201	852	723	1.575
Alls	6.359	20.618	26.977	1.075	28.052

Vefir

Notkun á vefjum ríkisskattstjóra hefur verið að aukast undanfarin ár í samræmi við aukin rafræn skil framtala. Á árinu 2009 ber svo við að heimsóknnum fækkar um 22%. Hluti skýringarinnar gæti falist í því að hætt var að nota þjónustu teljari.is og þess í stað var Google Analytics notað. Hér að neðan má sjá fjölda heimsókna undanfarin ár (talið í þúsundum heimsókna).

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003
Meðaltal á mánuði	126	161	149	135	106	85	69
Flestar í mánuði	295	454	480	488	347	293	233
Fæstar í mánuði	95	105	97	84	70	53	38
Alls á árinu	1.507	1.937	1.787	1.615	1.271	1.015	823
Aukning	-22%	8%	10%	27%	25%	23%	

Þjónustusíður

Í febrúar var nýr og endurhannaður þjónustuvefur skattfirvalda www.skattur.is gangsettur. Með nýjum vef var stefnt að því að samræma útlit og virkni vefsins og bæta notendaskilin. Sú vinna hefur skilað sér í einfaldara viðhaldi vefsins og bættri þjónustu við notendur. Frá opnun hefur þjónustuvefurinn verið betrubættur jafnt og þétt m.a. með tilliti til aðgengis fatlaðra.

Nýjungar á rsk.is

Ný forsíða fór í loftið 18. nóvember. Vanskilaskrá ársreikningaskrár varð aðgengileg 23. september og fékk hún mikla skoðun. Nýskráningar í fyrirtækjaskrá voru birtar á vefnum 28. ágúst. Þá var skattadagatal RSK gert aðgengilegt fyrir almennan dagatalahugbúnað 1. október. Vefur RSK byrjaði að senda út tilkynningar um ný skjöl á twitter.com þann 9. febrúar og almennir efnisstraumar urðu aðgengilegir 21. ágúst. Síða þar sem hægt er að tilkynna um svarta atvinnustarfsemi fór í loftið 6. júlí.

Rafræn skil virðisaukaskatts

	2009	2008	2007	2006	Hlutfall		
					2008	2007	2006
Virkir veflyklar	20.127	17.793	15.783	12.424	55%	47%	37%
Virki vsk nr.	32.355	32.134	33.252	33.466			
Rafrænar skýrslur	81.107	75.249	66.329	52.485	59%	51%	42%

Rafræn skil staðgreiðslu

	2009	2008	2007	Hlutfall		
				2009	2008	2007
Virkir veflyklar	21.995	19.885	17.242	63%	57%	50%
Launagreiðendur alls	35.067	35.042	34.818			
Rafrænar skilgreinar*	159.850	160.702	152.463	95%	93%	88%
Skilgreinar alls**	168.152	172.223	174.098			
Rafrænar sundurliðanir***	4.691.046	3.912.963	3.843.559	97%	96%	94%
Sundurliðanir alls	4.812.141	4.082.952	4.074.821			

* Skýrslur þeirra sem skila bæði staðgreiðslu og tryggingagjaldi, þ.e. ekki skýrslur sem innihalda eingöngu tryggingagjald.

** Fjöldi skilaðra skilgreina; áætlanir eru ekki innifaldar.

*** Samanlagður fjöldi launamanna á öllum sundurliðunum.

Rafræn skil ársreikninga til ársreikningaskrár

Á árinu 2009 bárust alls 21.523 ársreikningar rafrænt en á árinu 2008 voru þeir 17.125. Aukningin milli ára var því tæplega 26%.

Skatteftirlit

Upplýsingaöflun

Uppruni verkefna í skatteftirliti er að stærstum hluta úr gagnagrunnum skattkerfisins. Tiltæknir starfsmenn í skatteftirliti vinna við að flokka þessar upplýsingar í mismunandi úrtakshópa í þeim tilgangi að greina hvar skattskilum sé áfátt.

Frá og með haustmánuðum 2009 hefur ríkisskattstjóri starfrækt sérstakt vettvangsteymi sem heimsækir fyrirtæki og skoðar ákveðin grunnatriði í tekjuskráningu og skattskilum. Slíkar heimsóknir eru uppruni nokkurs fjölda verkefna sem halda áfram í skatteftirliti.

Að venju var tekið við ábendingum frá almennum borgurum um hugsanleg skattundanskot. Slíkar ábendingar voru skráðar, unnið úr þeim og þær eftir atvikum sendar til viðeigandi eftirlitseininga hjá skattstjórum og í vissum tilvikum beint til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998 var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisðgjald væri greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Á árinu 2009 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2008 og þær upplýsingar bornar saman við upplýsingar úr skattframtölum einstaklinga.

Ríkisskattstjóri fer með upplýsingamiðlun á milli landa í skattamálum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Upplýsingamiðlunin er byggð á Norðurlandasamningum um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989, á Evrópusamningi um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum frá 1996 og á tvísköttunarsamningum við einstök ríki. Á árinu 2009 móttók ríkisskattstjóri reglulegar upplýsingar um tekjur sem íslenskir skattaðilar höfðu á árinu 2008 í Bretlandi, Kanada, Spáni, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi, Lettlandi, Litháen, Frakklandi og Póllandi.

Val á eftirlitsverkefnum

Ríkisskattstjóri hefur árlega samið sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra. Með eftirlitsáætlunum hefur verið lagður grunnur að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðnar og grundvöllur skapaður fyrir markvissa skráningu á eftirlitsaðgerðum. Vegna sameiningar á skattumdæmum í lok ársins 2009 munu eftirlitsáætlanir á því formi sem verið hefur falla niður en þess í stað er búið að taka upp kerfisbundið val á eftirlitsverkefnum þar sem horft er til skemmri tímabíla en eins árs í senn. Val á verkefnum byggist að stórum hluta á flokkun og röðun á fyrirliggjandi upplýsingum þar sem litið er til margvíslegara atriða úr tölusettum reitum skattframtala, ársreikninga, áhættugreiningar o.fl. Þegar leitast er við að upplýsa um röng skattskil.

Skýrsla um skatteftirlit 2008

Samkvæmt fyrirmælum í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, skal ríkisskattstjóri árlega gefa fjármálaráðherra skýrslu um framkvæmd skatteftirlits og árangur af því. Á árinu 2009 var unnið að gerð skýrslu til fjármálaráðuneytis um niðurstöður skatteftirlits á árinu 2008 og kom skýrslan út í júlí. Í skýrslunni kemur m.a. fram að á árinu 2008 hafi skoðun eftirlitsdeilda skattstjóra og ríkisskattstjóra leitt til hækkunar opinberra gjalda um sem nemur 2.735 milljónum króna. Stöðugildi í skatteftirliti hjá ríkisskattstjóra og skattstjórum mældust 31 á árinu 2008.



Breyting á skatteftirliti

Eins og undanfarin ár var sérstök eftirlitsdeild starfrækt innan embættis ríkisskattstjóra á árinu 2009. Að meðaltali var tæplega fjórum ársverkum varið til eftirlitsstarfa á vegum deildarinnar á árinu. Deildin hefur haft það hlutverk að sinna sértækum skattaverkefnum og þróa leiðir við skatteftirlit. Með sértæku eftirliti er aðallega átt við mál sem deildin tekur upp að eigin frumkvæði og byggjast á greiningu upplýsinga og mál sem alla jafna hefur ekki reynt á fyrr í almennri skattframkvæmd. Á árinu 2009 var ákveðið að breyta fyrirkomulagi skatteftirlits á þann hátt að ríkisskattstjóri skipulegði og stýrði skatteftirliti á landsvísu þannig að eftirlitseiningar skattstjóranna lytu einu samræmdu skipulagi. Stjórnvöld gengu svo skrefinu lengra þegar 18. desember voru samþykkt lög sem gerðu landið að einu skattumdæmi. Í kjölfarið hófst vinna við að skipuleggja skatteftirlit upp á nýtt og á árinu 2010 verður starfrækt ein liðlega 30 manna eftirlitseining í húsakynnum ríkisskattstjóra á höfuðborgarsvæðinu í stað þriggja eininga áður. Áfram verða starfræktar eftirlitseiningar á Akranesi og Akureyri undir stjórn ríkisskattstjóra með þremur til fjórum mönnum á hvorum stað.

Óbeinir skattar og staðgreiðsla

Virðisaukaskattur

Álagning virðisaukaskatts fer fram sex sinnum á ári auk tveggja álagninga vegna sex mánaða skila.

Álagning virðisaukaskatts

	2009	2008	Breyting
Velta til 7% virðisaukaskatts	440.655	394.741	11,6%
Velta til 14% virðisaukaskatts	-14	-14	0,0%
Velta til 24,5% virðisaukaskatts	1.243.002	1.487.350	-16,4%
Skattskyld velta, áætluð	32.829	29.736	10,4%
Undanþegin velta	970.315	849.789	14,2%
Heildarvelta	2.686.787	2.761.602	-2,7%

Virðisaukaskattur

Innskattur	306.392	364.743	-16,0%
Útskattur (án áætlana)	335.379	392.031	-14,5%
Útskattur, áætlaður	7.768	7.059	10,3%
Álag	1.067	896	19,1%
VSK af innlendum viðskiptum	37.822	35.243	7,4%
VSK vegna innflutnings	99.151	117.301	-15,5%
Álagður virðisaukaskattur alls	136.973	152.544	-10,2%

Endurgreiðslur

Vegna íbúðarhúsnæðis	3.835	3.390	13,1%
Til opinberra aðila	4.234	4.933	-14,2%
Til orkuveitna	217	191	13,6%
Til erlendra aðila	1.175	796	47,6%
VSK að frádregnum endurgr.	127.512	143.220	-11,0%

í milljónum kr.

Staðgreiðsla


Á staðgreiðsluskrá RSK 2009 voru samtals 20.910 lögaðilar og 14.158 einstaklingar. Nýir á skrá á árinu voru 3.247 en afskráðir voru 3.269.

Að venju var mikil vinna sem fór í að afgreiða staðgreiðsluerindi, bæði frá launþegum og launagreiðendum, vegna staðgreiðsluáranna 2008 og 2007. Erindi frá launþegum voru 548 en leiðréttingar frá launagreiðendum voru 2.049. Einnig voru 1.467 breytingar gerðar vegna ársins 2007.

Áfram var unnið að því að fá fleiri launagreiðendur í rafræn skil og eru nú yfir 63% launagreiðenda í rafrænum skilum og 97% sundurliðana koma með rafrænum hætti.

Samkvæmt innsendum skilgreinum staðgreiðslu á árinu 2009 voru greidd laun 838.359 milljónir kr. og staðgreiðsla 190.639 milljónir kr. Í eftirfarandi töflu má sjá greidd laun og staðgreiðslu skipt á mánuði ársins 2009.

Tímabil	Greidd laun	Skilaskyld staðgreiðsla	Fjöldi	Hlutfall (%)
1	63.105.606.768	14.621.750.090	322.035	23,17
2	66.607.792.002	15.468.172.274	325.945	23,22
3	68.416.806.000	15.927.952.151	323.229	23,28
4	69.104.472.737	16.119.868.406	327.767	23,32
5	70.278.317.191	16.286.855.562	349.385	23,17
6	71.312.667.837	15.970.644.025	369.828	22,39
7	70.342.577.923	15.571.238.901	347.889	22,13
8	69.829.257.424	15.510.603.339	354.868	22,21
9	68.654.789.187	15.706.149.812	330.495	22,87
10	68.461.817.068	15.804.256.796	327.737	23,08
11	70.836.256.495	16.768.742.815	325.365	23,67
12	76.588.293.053	18.133.908.826	378.409	23,67
Alls	833.538.653.685	191.890.142.997	4.082.952	23,02



Kílómetragjald

Kílómetragjald er gjald sem innheimt er fyrir hvern ekinn kílómetra tiltekinna ökutækja sem eru yfir 5000 eða 10.000 kg. Það er ákvarðað fyrir hálf t. ári í senn og ávallt eftir á. Kílómetragjald var lagt á vegna um 5.190 ökutækja á árinu 2009 og voru áætlanir kílómetragjalds alls 1.486. Í kærumeðferð voru 884 áætlanir felldar niður með vélrænum hætti og í þeirra stað var akstur ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af ökumælum. Álagning á árunum 2006, 2007, 2008 og 2009 var sem hér segir:

Kílómetragjald	2009	2008	2007	2006
Álagning	778	1.080	1.151	1.075
Áætlanir	526	575	732	507
Sektir	3	4	1	0
Alls	1.307	1.659	1.884	1.582
Skattbreytingar	-457	-311	-320	-225
Staða eftir skattbreytingar	850	1.348	1.564	1.357

í milljónum kr.

Á árinu 2009 voru tekin fyrir 548 mál, þ.e. kærur, skatterindi, skýrslur eftirlitsmanna og leiðréttingar. Þar af voru þrjú mál vegna eldra þungaskattkerfis. Þá voru skráðir inn 819 álestrar í álestrarskrá ríkisskattstjóra.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á vegna um 205.475 bifreiða á árinu 2009. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálf t. ári í senn.

Bifreiðagjald	2009	2008	2007	2006
Heildarálagning bifreiðagjalds	5.474	4.823	4.496	4.216
Skattbreytingar	-166	-122	-61	-107
Staða eftir skattbreytingar	5.308	4.701	4.435	4.109

í milljónum kr.

Á árinu 2009 voru tekin fyrir 2.481 mál, kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þyngst vógu mál bótaþega.

Úrvinnslugjald á ökutæki

Úrvinnslugjald var lagt á alls um 243.309 ökutæki á árinu 2009. Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða skráðra hér á landi síðustu 25 ár.

Úrvinnslugjald	2008	2007	2006	2005
Heildarálagning úrvinnslugjalds	163,5	156,1	150,6	140,7
Skattbreytingar	-1,0	0,1	-1,4	-1,1
Staða eftir skattbreytingar	162,5	156,2	149,2	139,6

í milljónum kr.

Örfá mál/kæur komu til kasta ríkisskattstjóra á árinu 2009 vegna úrvinnslugjalds og þá helst þar sem farið var fram á niðurfellingu úrvinnslugjalds vegna þess að ökutæki hafi verið ógangfært.

Úrvinnslugjald vegna spilliefna og umbúða

Úrvinnslugjald vegna spilliefna var lagt á þrjú gjaldendur vegna ársins 2009, alls 11,9 m.kr. Til samanburðar var álagning ársins 2008 8,8 m.kr. Á úrvinnslugjaldsskrá vegna úrvinnslugjalds umbúða voru 14 gjaldendur og var álagning 20,4 m.kr. en til samanburðar var álagning ársins 2008 21,7 m.kr.

Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var 1.144 m.kr. á árinu 2009 en níu gjaldendur voru á skilagjaldsskrá. Árið áður nam skilagjald alls 1.017 m.kr.

Olúgjald

Á árinu 2008 voru tekin fyrir 352 mál, þar af 214 endurgreiðslur og 66 mál vegna litaðrar olíu. Álagning olúgjalds, endurgreiðslur og sektir vegna ársins 2009 voru sem hér segir:

Olúgjald	2009	2008	2007	2006
Álagning	6.484	6.034	6.284	5.772
Endurgreiðslur	-147	-129	-129	-139
Sektir vegna brota	10	17,5	13	0
Alls	6.347	5.922,5	6.168	5.633

í milljónum kr.

Gjaldskyld olía, milljónir lítra	130,4	146,5	153	141
Gjaldfrjáls olía, milljónir lítra	129,5	148,3	179	173
Alls	259,9	294,8	332	314

Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda sem voru níu á árinu 2009. Skattstjórnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið hvor í sínu umdæmi í umboði ríkisskattstjóra. Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu á árinu 2009 ásamt álögðu áfengisgjaldi í tolli (við innflutning) og samanburður við árin 2008, 2007, 2006 og 2005.

Áfengisgjald

	2009	2008	2007	2006
Innlend framleiðsla	3.206	2.581	2.613	2.394
Innflutningur	6.164	5.446	5.455	5.150
Alls	9.370	8.027	8.068	7.544

í milljónum kr.

Vörugjald

Greiða skal vörugjald í ríkissjóð af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru, eða fá einhverja vinnslumeðferð, innanlands. Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að, eða er pakkað hér á landi, og flokkast undir ákveðin tollskrárnúmer. Vara sem seld er úr landi er þó ekki gjaldskyld.

Vörugjald

	2009	2008
Vörugjald af innlendri framleiðslu	622	172
Vörugjald af innflutningi	3.261	3.286
Fjöldi á vörugjaldsskrá	39	39

Fækkað hefur á vörugjaldsskrá frá 1. mars 2007 þegar breytingar á lögum um vörugjald tóku gildi. Hækkun á vörugjaldi skýrist af breytingum hinn 1. september 2009.

Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá

Fyrirtækjaskrá

Hjá fyrirtækjaskrá eru skráðir allir þeir lögaðilar sem stunda atvinnurekstur á Íslandi að undanskildum sameignarfélagum og sjálfseignarstofnunum. Auk þess eru ýmsir aðrir aðilar skráðir sem nauðsynlegt er að opinberir aðilar, viðskiptalífið og einstaklingar geti fengið upplýsingar um.

Alls eru nú um 61.000 aðilar í skránni og þar af eru ríflega 31.000 einkahlutafélög. Á árinu 2009 voru skráð nokkru fleiri ný einkahlutafélög en árið á undan en þó voru þau 1.000 færri en á árinu 2007 sem var metár í skráningu nýrra félaga. Áfram var unnið að því að afskrá „dauð“ félög eins og gert hefur verið nokkur undanfarin misseri. Er það liður í því að skráin endurspegli sem best fjölda starfandi félaga og geti þannig verið enn traustari undirstaða skattgrunnskrár.

Árið 2009 voru skráðar 7.773 svokallaðar aukatilkygningar en það eru tilkygningar sem fela í sér breytingar á skráningarskyldum atriðum hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Aldrei áður hafa verið skráðar svo margar tilkygningar á einu ári. Mikill samdráttur var í tilkygningum um samruna og skiptingar og hefur ekki í mörg ár verið jafn lítið um tilkygningar af þessu tagi.

Undanfarin ár hefur verið allmikið um skráningu félaga með erlent lögheimili. Er skráning þessi einkum vegna bankaviðskipta þessara félaga sem hafa verið nokkuð umsvifamikil á verðbréfamarkaði. Þó svo félögin séu talin erlend má þó leiða líkur að því að mörg þeirra séu í eigu íslenskra aðila. Á árinu 2009 dró mjög úr nýskráningum þessara félaga og nam samdrátturinn 65% frá fyrra ári.

Á árinu var fram haldið verkefni við skönnun eldri gagna í hlutafélagaskrá sem er mikilvægasta undirskrá fyrirtækjaskrár. Vegna anna við önnur störf gekk þetta verk hægar en stefnt var að og enn er ólokið of stórum hluta þessa verkefnis. Að öðru leyti var starfsemi fyrirtækjaskrár að mestu svipuð og áður varðandi skráningu annarra rekstrarforma félaga.

Stjórnsýsluþáttur fyrirtækjaskrár hefur vaxið nokkuð undanfarin ár en þar er fengist við úrlausn deilumála sem fyrirtækjaskrá þarf að kveða upp formlega úrskurði í.

Ýmis konar aðstoð og ráðgjöf við viðskiptavinum er jafnan nokkuð fyrirferðarmikil í starfi fyrirtækjaskrár, bæði við þá sem koma á skrifstofu skrárinnar og enn meira í síma.



Tölfræði úr fyrirtækjaskrá

	2009	2008	2007
Nýskráð einkahlutafélög	2.632	2.568	3.665
Nýskráð hlutafélög	19	20	26
Almennar aukatilkynningar	7.773	7.599	7.655
Tilkynningar um samruna	131	260	274
Tilkynningar um skiptingu	30	67	120
Afskráð einkahlutafélög	1.054	309	1.407
Nýskráð félagasamtök	545	439	447
Nýskráð húsfélög	192	291	274
Nýskráð erlend félög með bankaviðskipti	200	584	704
Vottorð úr hlutafélagaskrá		2.268	2.220
Vottorð á ensku úr hlutafélagaskrá		1.888	1.815
Ljósrit úr fyrirtækjaskrá		1.557	2.711
Fjöldi einkahlutafélaga á skrá 31.12.	31.222	29.644	28.635
Fjöldi hlutafélaga á skrá 31.12.	794	810	840



Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá fer með málefni sem varða söfnun ársreikninga skilaskyldra félaga, miðlun þeirra til almennings samkvæmt lögum um ársreikninga, og eftirlit með því að ársreikningar séu í samræmi við lög og reglugerðir. Skráin veitir félögum heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og hefur eftirlit með beitingu félaga á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Grundvöllur skilaskrár ársreikninga eru skráningar félaga í hluta-félagaskrá, samvinnufélagaskrá og skrá sjálfseignastofnana sem stunda atvinnurekstur. Ennfremur skráning í firmaskrá á sameignarfélögum og samlagsfélögum sem eru í eigu annarra skilaskyldra félaga, svo og skráning á þessum félögum ef þau fara yfir tiltekin stærðarmörk.

Skilaskyld félög fyrir rekstrarárið 2008 eru 28.297 en voru 27.741 fyrir 2007 sem er aukning um 2%. Á árinu var 29.108 ársreikningum skilað, þ.a. 74% rafrænt. Skilin skiptast þannig að fyrir rekstrarárið 2008 var skilað 21.417 ársreikningum en 6.191 fyrir árið 2007 og 1.500 vegna enn eldri ára. Til samanburðar var á árinu 2008 skilað 24.537 ársreikningum, þ.a. 70% rafrænt. Skilin skiptast þannig að fyrir rekstrarárið 2007 var skilað 18.124 en 5.432 vegna ársins 2006 og 981 vegna enn eldri ára. Aukning skila milli ára er 18,6%.

	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2007	Eldri ár	Alls skilað
Skilaskyld félög	28.297	27.741		
Skil á árinu 2007	18.124			24.537
Skil á árinu 2008	21.417	18.124	1.500	29.108
Skilahlutfall	76%	65%		

Á árinu voru félög í fyrsta sinn sektað fyrir vanskil á ársreikningum samkvæmt 126. gr. laga nr. 3/2006, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 664/2008, og sektað var vegna ársins 2006. Áframhald verður á sektarvinnu.

Á árinu heimilaði ársreikningaskrá 62 félögum að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðlum en synjaði 31 félagi. Mikil aukning var á umsóknum og er ástæðan sú að í lok árs 2008 var með bráðabirgðaákvæði í lögum um ársreikninga opnaður nýr umsóknarfrestur fyrir félög að sækja um heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum. Óafgreiddar umsóknir voru sex í árslok.

Ársreikningaskrá er falið að annast eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita skulu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Alls féllu um 57 félög undir þetta eftirlit á árinu en voru 92 árið 2008. Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 hefur félögum með skráð verðbréf í Kauphöll Íslands fækkað til muna. Þess utan eru nokkur félög sem ekki eru á markaði en nýta sér heimildarákvæði ársreikningalaganna til þess að fylgja hinum alþjóðlegu stöðlum, svo og dótturfélög skráðra félaga sem hafa frjálst val í þessum efnum. Fjöldi þessara félaga var 38 þannig að samtals féllu undir eftirlitið 95 félög og félagasamstæður.



Ýmis fræðsla og upplýsingagjöf

Starfsfræðslunámskeið

Á árinu var áfram unnið að því að breyta fyrirkomulagi starfsfræðslu innan skattkerfisins. Þegar sameining allra skattstofa og ríkisskattstjóraembættisins um áramótin 2009/2010 lá fyrir varð ljóst að fræðslumál yrðu tekin til gagngerrar athugunar. Haldnir voru virðisaukaskattsfundir, tekjuskattsfundir og sérstakir fundir með starfsmönnum í staðgreiðslu opinberra gjalda í tengslum við miklar breytingar á tekjuskatts- og staðgreiðslulögum. Árlegur fræðslufundur um nýjungar og breytingar á skattframtali var haldinn í mars og var vel sóttur.

Námskeið um almenn skattskil og virðisaukaskatt

Á árinu voru haldin fjögur námskeið um almenn skattskil og virðisaukaskatt og voru þátttakendur á þeim í kringum 100. Á námskeiðunum er farið yfir almenn skattskil, tekjuskráningu, reikningaútgáfu og virðisaukaskatt. Stytttri námskeið og kynningar um svipað efni eru haldin fyrir afmarkaða hópa eftir þörfum.

Skattatölfræði

Árið 2009 var vinnu haldið áfram við uppbyggingu og viðhald gagnasafna og staðtöluvefs embættisins. Þar er nú að finna á einum stað, aðgengilegt almenningi, mjög yfirgripsmikill safn upplýsinga um skattastofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna opinberra gjalda síðastliðin 15 ár. Aukið hefur verið við staðtölusafnið og það endurbætt frá ári til árs. Mikill áhugi hefur verið fyrir upplýsingum sem byggja á skráum í vörslu embættisins en nú sem fyrr hefur farið töluverður tími í að vinna upplýsingar að beiðni utanaðkomandi aðila; ráðuneyta, alþingis, stjórn málaflokka, aðila úr atvinnulífinu og félagasamtaka, að ógleymdu fræðasamfélaginu. Árið 2009 voru 40 mál unnin að beiðni slíkra aðila sem mörg hver kröfðust talsvert umfangsmikillar rannsóknarvinnu.

Gögn í vörslu embættisins hafa verið nýtt í auknum mæli við rannsóknar- og greiningarvinnu, t.a.m. til að greina hvernig kerfið virkar, finna leiðir til úrbóta þar sem pottur er brotinn og síðast en ekki síst til að meta áhrif fyrirhugaðra skattbreytinga. Breyttar aðstæður kalla á meira aðhald og strangara eftirlit.

Þjónustuver

Þjónustuver RSK hefur verið starfandi í u.þ.b. tvö ár, eða frá apríl 2008. Markmið þjónustuversins er að veita viðskiptavinum skattkerfisins hraða og skilvirka þjónustu með greinargóðum upplýsingum og hlýju viðmóti. Móttaka og afgreiðsla embættisins eru hluti af þjónustuverinu. Í þjónustuveri er auk símsvörunar svarað m.a. öllum tölvupósti sem ekki er stílaður á einstaka starfsmenn, fyrirspurnum úr SOS (spurt og svarað) og fyrirspurnum af Norræna skattavefnum, Nordisk eTax.

Í þjónustuverið hafa frá upphafi valist úrvalsstarfsmenn sem samviskusamlega hafa reynt að leysa hvers manns vanda. Mikið álag er alla jafna á þjónustuveri en þó eru áberandi toppar, t.d. við framtalsskil í mars-apríl og við lok álagningar í júlí-ágúst ár hvert.

Í kjölfar töluverðra breytinga á skattalögum og skattframkvæmd á árinu 2009 jókst álag á þjónustuverið enn frekar en reynt var að mæta því eftir bestu getu. Starfsmenn voru í lok ársins fimm talsins auk deildarstjóra. Í kjölfar sameiningar skattstofa landsins og ríkisskattstjóra mun þjónustuverið svara fyrir landið allt.





Tíund

Á árinu 2009 komu út þrjú tölublöð af fréttablaðinu Tíund sem ríkisskattstjóri hefur gefið út frá árinu 1987.

Tilgangur blaðsins er að miðla upplýsingum um skattamál á milli starfsmanna skattfyirvalda, ýmissa opinberra stofnana og til almennings í gegnum fjölmiðla. Blaðið er prentað í röskum 2.000 eintökum en er jafnframt á aðgengilegu formi á vefsíðum skattfyirvalda. Í blaðinu eru greinar um skattamál, fréttir af skattframkvæmd, umfjöllun um löggjöf og málefni sem efst eru á baugi og varða skattamál eða skattframkvæmd.

Leiðarann rita ríkisskattstjóri og vararíkisskattstjóri saman en hann er auk þess lesinn af yfirstjórn stofnunarinnar. Er þetta fyrirkomulag til þess að undirstrika að í leiðara blaðsins er verið að kynna viðhorf stofnunarinnar en ekki eins manns. Með þessum hætti koma skattfyirvöld á framfæri við almenning og fyrirtæki ýmsum sjónarmiðum og fræðslu um skattamál.

Skjalastjórnun og afgreiðsla

Á árinu 2009 voru stofnuð 9.993 mál í málakerfi ríkisskattstjóra, GoPro, sem skiptast þannig eftir málaflokkum:

Málaflokkur	2009	2008
Álagningarmál og úrskurðir	5.868	6.602
Álitsgerðir og umsagnir	3.477	3.708
Samræming og þróun skatteftirlits	7	5
Skatteftirlit RSK	127	12
Almennur rekstur	32	25
Erlend samskipti	62	103
Tæknimál	154	173
Laga- og reglugerðarvinna	4	7
Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	6	4
Fræðslumál	1	0
Ársreikningar	121	111
Fyrirtækjaskrá	37	25
Önnur mál	97	92
Alls	9.993	10.867

Milli ára fækkaði málum um 874 og er sú fækkun að mestu í málaflokknum „Álagningarmál og úrskurðir“ en þar fækkaði málum um 734. Af einstökum málaflokkum var hlutfallslega mesta aukningin í eftirlitsmálum en þeim málum fjölgaði úr 12 í 127.

Fjöldi framtala og erinda (rafræn/pappír) sem send voru til skattstjóra á árinu 2009 var 5.556.

Haldið var áfram við frágang og þökkun eldri gagna ásamt nýskráningum hjá fyrirtækjaskrá á árunum 2008 og 2009. Voru skólakrakkar ráðnir í verkið sem gekk mjög vel.

Mannauður ríkisskattstjóra

Starfsmannastefna – traust, tillitssemi, virðing

Í mannauðsstefnu ríkisskattstjóra er lögð áhersla á að vinnustaðurinn sé samfélag fólks þar sem ríkja beri gagnkvæmt traust, tillitssemi og virðing. Markmiðið með henni er að gera starfsmenn að betri starfsmönnum með skipulegri endurmenntun, viðhaldi heilsu og almennri vellíðan. Sérstök áhersla er á endurmenntun með nýjum viðmiðum um skilyrði þar að lútandi, og hið sama á við um líkamsrækt starfsmanna en í gildi eru rúmar reglur um hvað teljist uppfylla skilyrði þess að embættið greiði hluta af kostnaði við slíkt. Í starfsmannastefnunni er jafnframt fjallað um jafnréttismál, framkomu við viðskiptavini, samskipti og umgengni á vinnustaðnum auk almennra atriða sem varða starfsmenn, svo sem ráðningar, starfskjör og starfslok.

Fyrirmyndarstofnun

Ríkisskattstjóri varð ein af fyrirmyndarstofnunum ársins 2009 í árlegri könnun sem SFR lagði fyrir starfsmenn og hafnaði í öðru sæti í hópi stofnana með 50 eða fleiri starfsmenn og er það mjög góður árangur. Könnunin var gerð til að leggja mat á starfsskilyrði starfsmanna og líðan á vinnustað. Allir starfsmenn embættisins fengu könnunina senda eins og fyrri ár og var svarhlutfall 85%.

Stofnanamenning

Starfsmannafundir voru haldnir reglulega allt árið. Helsti tilgangur þeirra er að upplýsa um ýmis mál sem eru til meðferðar. Með nýrri mannauðsstefnu, reglubundnum starfsmannafundum, bættum aðbúnaði starfsmanna, auknu frjálrsræði við endurmenntun og líkamsrækt, fastlaunasamningum og fleiri ráðstöfunum hefur myndast ný stofnanamenning þar sem traust milli starfsmanna, aukin tillitssemi og virðing fyrir starfsmanninum eru höfð í fyrirrúmi.

Fundargerðir yfirstjórnar

Vikulega hittast sviðsstjórar á fundi með vararíkisskattstjóra og ríkisskattstjóra. Á yfirstjórnarfundum eru teknar ýmsar ákvarðanir sem snerta alla stofnunina og mikilvæga þætti í skattframkvæmdinni og jafnframt rædd ýmis mál. Fundargerðum yfirstjórnarfunda er dreift til allra starfsmanna að fundum loknum. Með þeim hætti eru allir starfsmenn embættisins upplýstir um það helsta sem er að gerast hjá stofnuninni.

Starfsfólk

Af 98 starfsmönnum sem störfuðu hjá embættinu í árslok 2009 var 51 karl og 47 konur. Hlutfall starfsmanna með háskólapróf var 56%. Hátt hlutfall starfsmanna hefur langan starfsaldur og hefur því myndast góð þekking á þeim viðfangsefnum sem starfsmenn sinna. Meðalstarfsaldur þeirra 98 starfsmanna sem voru við störf í árslok 2009 var 10 ár og 10 mánuðir, jafnvel þótt átta starfsmenn hafi innan við eins árs starfsreynslu.

Starfsmannavelta

Eitt af þeim markmiðum sem stofnunin setti sér á árinu 2007 var að draga úr starfsmannaveltu hjá ríkisskattstjóra og hefur það gengið vel. Frá ársbyrjun 2009 og til loka þess árs var starfsmannaveltan 4,2% og er það verulega mikið lægra en undanfarin ár.

Rekstur tölvukerfa

Ríkisskattstjóri hefur umsjón með og rekur allan vélbúnað hjá öllum skattyfirvöldum nema skattstjóranum í Reykjavík og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í þessu felst að ríkisskattstjóri annast innkaup, fjármögnun og rekstur vélbúnaðar og notendahugbúnaðar hjá ríkisskattstjóra, átta skattstjórum og yfirkattanevnd. Fjöldi útstöðva sem starfsmenn skattyfirvalda nota er vel á fjórða hundrað.

Nýtt tölvuver

Nýtt tölvuver var tekið í notkun á árinu. Unnið var að undirbúningi á flutningi tölvubúnaðar í nýtt tölvuver fyrri hluta ársins. Flutningi lauk í apríl og var þess gætt að valda sem minnstum rekstrartruflunum. Jafnhliða flutningi fór fram endurskoðun á öryggismálum, þ.m.t. varðandi aðgangsmál.

Nýja tölvuverið uppfyllir yrustu öryggis- og umhverfiskröfur ríkisskattstjóra. Rekstrar- aðstaða er mun betri en í gamla tölvurýminu en þar er sér stjórnklefi, öflugt kælikerfi og sérstakt leiðslugólf. Nýja tölvuverið gerir embættinu kleift að sinna fleiri verkefnum á sviði tölvumála á öruggan og hagkvæman hátt í framtíðinni.

SAN – ný diskastæða tekin í notkun

Fjárfest var í nýrri diskastæðu á árinu áður en eiginlegur flutningur í nýja tölvuverið fór fram. Stæðan var strax sett upp í nýja tölvuverinu. Nýja stæðan tryggir öryggi gagna enn betur en áður og gerði það einnig kleift að flutningur í nýtt tölvuver gekk fljótt og vel fyrir sig.

Úttekt og skoðun á opnum hugbúnaði

Í byrjun febrúar 2009 gerðu ríkisskattstjóri og forsætisráðuneytið með sér samkomulag um úttekt á OpenOffice skrifstofuvöndlinum í samanburði við Microsoft Office.

Í verkefninu fólst að prófa alla helstu kerfishluta OOo. Kannaðir voru kerfishlutar OpenOffice hugbúnaðarins með sérstakri áherslu á ritvinnslu-, töflureiknis-, gagnaskrár- og glærukynningarluta OpenOffice, þ.e. Writer, Calc, Base og Impress.

Niðurstöður prófana á einstaka kerfishlutum OpenOffice.org hugbúnaðarins er að hugbúnaðurinn fullnægir að mestu leyti þörfum starfsmanna skattkerfisins. Niðurstaða skoðunar á OOo skrifstofuvöndlinum í samanburði við MS Office er sú að starfsmenn sem ekki vinna með gagnagrunna ættu að geta notað OOo í stað MS Office í langflestum tilvikum við dagleg störf þar sem unnið er í ritvinnslu eða töflureikni.

Rekstur - hagræðing og öryggi

Uppsetning á pósthjóni vegna samskipta við skattyfirvöld annarra Norðurlanda

Aukin samskipti við skattyfirvöld á hinum Norðurlöndunum gera það að verkum að tryggja þarf öryggi gagna betur en hingað til. Samskiptin fara að mestu fram í gegnum tölvupóst. Samnorrænn starfshópur setti upp nýjar og auknar öryggiskröfur í þá veru að tölvupóst-samskiptin skuli vera tryggð með því að nota TLS og skilríki frá viðurkenndum aðila. Ríkisskattstjóri keypti skilríki og setti upp nýjan þjón sem uppfyllir kröfurnar og fara nú öll tölvupóstssamskipti við önnur skattyfirvöld á Norðurlöndunum þar í gegn.

Endurskoðun á rekstri vélþjóna

Nýtt umhverfi var sett upp á tvær vélar þar sem hægt er að vera með sýndarvélar (Vmware). Nýja umhverfið gerir kleift það að setja upp vélar og prófa t.d. nýja þjónustu á auðveldan hátt í prófunarumhverfi. Nokkrir þjónar hafa verið færðir inn í nýja umhverfið og hafa allar breytingar gengið vel. Sem dæmi má nefna að innri vefur RSK er núna rekinn á sýndarvél svo og önnur minni kerfi.

Endurnýjun pósthgáttar

Til að tryggja örugg samskipti í póstmálum rekur RSK pósthgátt sem skannar allan póstinn. Rekstur pósthgáttar frá Borderware hefur gengið vel síðustu árin. Ákveðið var að endurnýja búnaðinn og taka lausn frá sama framleiðanda og fór uppsetning fram í júní.

Endurnýjun á netbúnaði

Netbúnaðurinn var að hluta til endurnýjaður á árinu. Búnaðurinn var orðinn gamall og einnig var horft til þess að nýtt símkerfi, með möguleika á samþættingu við tölvukerfi, gerir kröfur um betri netbúnað.

Uppfærslur á borð- og ferðatölvum

Leigusamningurinn á stórum hluta borðtölva stofnunarinnar rann út á árinu og var ákveðið að kaupa tölvurnar í lok leigutímans. Innra minni var aukið svo tölvurnar uppfylli áfram þær kröfur um hraða sem til þeirra eru gerðar.

Kaup á tölvubúnaði

Borðtölvur voru endurnýjaðar að hluta til hjá embættinu. Þá voru stærri og bjartari tölvuskjáir keyptir og settir upp hjá flestum starfsmönnum. Nokkrir prentarar og skannar voru einnig endurnýjaðir.



Alþjóðamál

Líkt og undanfarin ár hefur ríkisskattstjóri verið virkur í ýmsu alþjóðlegu samstarfi. Sóttir voru fundir hjá OECD, IOTA og hjá norrænum skattyfirvöldum.

Ríkisskattstjóri tók við stjórnartaumunum í Nordisk eTax hópnum og haldinn var samráðsfundur á Íslandi í október þar sem saman komu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum en embættið hefur verið leiðandi í vinnu við Nordisk eTax vefinn.

Ríkisskattstjóri á fulltrúa í samninganefnd um tvísköttunarsamninga. Á árinu 2009 var lokið við gerð tvísköttunarsamnings við Katar og Albaníu og samningaviðræður hafnar við Barbados.

Regluleg upplýsingaskipti voru í föstum farvegi á árinu 2009 og sendi ríkisskattstjóri upplýsingar til þeirra ríkja sem hafa gildandi tvísköttunarsamning við Ísland. Þá varð mikil aukning á málum sem varða tilfallandi upplýsingabeirni bæði þar sem ríkisskattstjóri kallar eftir upplýsingum frá erlendum skattyfirvöldum og þar sem upplýsinga er beiðst frá Íslandi.

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	40
Áritun endurskoðenda	41
Rekstrarreikningur	42
Efnahagsreikningur	43
Sjóðstreymi	44
Skýringar	45

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Embætti ríkisskattstjóra heyrir undir fjármálaráðuneytið. Það starfar samkvæmt heimildum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hlutverk þess er meðal annars að hafa umsjón og eftirlit með álagningu skatta og gjalda sem á eru lögð af skattstjórum að leiðbeina og samræma starf sem lýtur að skattfrankvæmd og að tryggja að samræmi sé í störfum skattkerfisins og ákvörðunum þess með nánu samstarfi við skattstjóra.

Á árinu 2009 varð 26.198 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 169.383 þús.kr, skuldir 70.488 þús.kr. og eigið fé 98.894 þús.kr. Ársverk voru 91,2 en 92,1 árið áður.

Ríkisskattstjóri og bókari staðfesta hér með ársreikning embættis Ríkisskattstjóra fyrir árið 2009 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 19 ágúst 2010

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Sævar Vigfússon
bókari

Áritun endurskoðenda

Til ríkisskattstjóra og ráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ríkisskattstjóra á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, ágúst 2010

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Tekjur			
Ríkistekjur	1	100.409.928	108.864.002
Sértekjur	2	<u>46.474.358</u>	<u>24.044.503</u>
		146.884.286	132.908.505
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	605.918.176	584.856.043
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	121.202.819	118.877.316
Funda- og ferðakostnaður	5	13.493.647	12.791.357
Aðkeypt sérfræðipjónusta	6	25.218.912	13.584.747
Rekstur tækja og áhalda	7	23.228.880	33.414.775
Annar rekstrarkostnaður	8	15.653.334	14.611.838
Húsnæðiskostnaður	9	59.673.026	39.576.740
Bifreiðarekstur	10	883.062	500.410
Rekstur skattvinnslukerfa	11	<u>283.294.056</u>	<u>274.250.8605</u>
		1.148.565.912	1.092.464.086
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	12	36.063.830	30.963.523
Eignakaup	13	<u>47.956.649</u>	<u>26.733.034</u>
		1.232.586.391	1.150.160.643
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(1.085.702.105)	(1.017.252.138)
Ríkisframlag		<u>1.111.900.000</u>	<u>1.000.700.000</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins		<u>26.197.895</u>	(16.552.138)

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	14	107.145.018	95.780.611
Viðskiptakröfur		7.616.056	4.785.104
Handbært fé		<u>54.621.548</u>	<u>10.998.447</u>
Eignir alls		<u>169.382.622</u>	<u>111.564.162</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		72.696.544	89.248.682
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		<u>26.197.895</u>	(16.552.138)
Eigið fé	15	<u>98.894.439</u>	<u>72.696.544</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	16	<u>70.488.183</u>	<u>38.867.618</u>
Skuldir		<u>70.488.183</u>	<u>38.867.618</u>
Eigið fé og skuldir		<u>169.382.622</u>	<u>111.564.162</u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins.....		<u>26.197.895</u>	(<u>16.552.138</u>)
Veltufé frá rekstri		<u>26.197.895</u>	(<u>16.552.138</u>)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur hækkun	(2.830.952)	8.820.258
Viðskiptaskuldir hækkun		<u>31.620.565</u>	(<u>13.241.282</u>)
		<u>28.789.613</u>	(<u>4.421.024</u>)
Handbært fé til/frá rekstrar		54.987.508	(20.973.162)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á stöðu við ríkissjóð			
Framlag ríkissjóðs	(1.111.900.000)	(1.000.700.000)
Greitt úr ríkissjóði		<u>1.100.535.593</u>	<u>982.502.576</u>
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>11.364.407</u>)	(<u>18.197.424</u>)
Lækkun á handbæru fé		43.623.101	(39.170.586)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>10.998.447</u>	<u>50.169.033</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>54.621.548</u>	<u>10.998.447</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

„Ársreikningur ríkisskattstjóra er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.“

Skattar

Ríkisskattstjóri greiðir ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Sértekjur embættisins eru skráðar í bókhald við greiðslu.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

Starfsþáttgreining

Í skýringum er rekstri embættisins skipt á viðfangsefni sem falla að skipulagi þess.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna embættisins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Embættið sér sjálf um að greiða reikninga. Bókhaldið er fært hjá embættinu. Fjárýsla ríkisins sér um útreikning og greiðslu launa.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu 1.107.400 þús.kr. Fjárheimildir hækkuðu á árinu um 4.500 þús.kr. Millifært var 15.000 þús.kr. milli fjárlagaliða til hækkunar en á fjárukalögum var fjárheimildin lækkuð um 10.500 þús.kr.

Fjárheimild ársins nam því 1.111.900 þús.kr. Þar af var gert ráð fyrir að 98.000 þús.kr. yrðu fjármagnaðar með ríkistekjum. Rekstrargjöld ársins, að frádragnum sértekjum, námu samtals 1.085.702 þús.kr. og tekjuafgangur eftir færslu ríkistekna nam 26.198 þús.kr.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(12.800)	(12.800)	(46.474)	33.674
Laun og launatengd gjöld	558.000	652.994	605.918	47.076
Önnur rekstrargjöld	<u>644.300</u>	<u>553.806</u>	<u>542.648</u>	<u>11.158</u>
	1.189.500	1.194.000	1.102.092	91.908
Eignakaup	<u>15.900</u>	<u>15.900</u>	<u>84.020</u>	(68.120)
	1.205.400	1.209.900	1.186.112	23.788
Ríkistekjur	(98.000)	(98.000)	(100.410)	2.410
	<u>1.107.400</u>	<u>1.111.900</u>	<u>1.085.702</u>	<u>26.198</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.

	2009	2008
Sértekjur	(46.474)	(24.045)
Rekstrartekjur	(100.410)	(108.864)
Yfirstjórn	739.684	680.575
Sameiginleg útgjöld skattstofa	173.545	164.371
Skattvinnslukerfi	283.294	274.251
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	<u>36.064</u>	<u>30.964</u>
	<u>1.085.702</u>	<u>1.017.252</u>



RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI

LAUGAVEGUR 166 · 150 REYKJAVÍK · Sími: 563 1100 · www.rsk.is